



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Sinfóníur nr. 3 með Osmo

5. febrúar 2015





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

**Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.**

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á [www.ruv.is](http://www.ruv.is).

**Áætluð tímalengd verka:**

*Sibelius nr. 3: 30'00"*

*Bruckner nr. 3: 84'00"*

Tónleikarnir eru hluti af alþjóðlegri afmælishátíð en 150 ár eru liðin frá fæðingu tónskáldsins.

**S15**elius  
2015

Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**



@icelandsymphony

#sinfó

[www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)

# Sinfóníur nr. 3 með Osmo

Tónleikar í Eldborg 5. febrúar 2015 » 19:30

**Osmo Vänskä** hljómsveitarstjóri

**Jean Sibelius**

***Sinfónía nr. 3***

*Allegro moderato*

*Andantino con moto, quasi allegretto*

*Moderato - Allegro (ma non tanto)*

Hlé

**Anton Bruckner**

***Sinfónía nr. 3 (1876/1877)***

*Gemässigt, mehr bewegt, misterioso*

*Adagio, bewegt, quasi Andante, feierlich*

*Scherzo. Ziemlich schnell*

*Finale. Allegro*

## Osmo Vänskä

hljómsveitarstjóri



Osmo Vänskä nýtur sem hljómsveitarstjóri alþjóðlegrar virðingar fyrir ástríðufulla og áhrifamikla túlkun sína á verkum hinna ýmsu tímaskeiða og tryggð við upprunalega gerð þeirra. Hann er aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands en hefur verið tónlistarstjóri Minnesota-hljómsveitarinnar í rúman áratug og unnið margra sigra með henni, síðast Grammy-verðlaun fyrir hljóðritun á 1. og 4. sinfóníu Sibeliusar. Þá hefur heildarútgáfa á sinfóníum Beethovens vakið aðdáun víða um heim. Meðal annarra afreka Osmos eru hljóðritanir hans á verkum Sibeliusar með Lahti-hljómsveitinni fyrir BIS útgáfuna sem tímaritið Gramophone lýsti sem bestu túlkun síðustu þrjátíu ára.

Í síðustu Íslandsheimsókn sinni stjórnaði Vänskä Fílharmoníu-hljómsveit Lundúna en hann er einnig reglulegur gestur annarra fremstu hljómsveita austan hafs og vestan. Má þar nefna London Symphony Orchestra, Wiener Symphoniker og Yomiuri Nippon Symphony Orchestra og á næstunni stígur hann á stjórnandapalla Chicago- og San Francisco Symphony Orhcestra, Cleveland Orchestra, Israel Philharmonic Orchestra og Orchestre de la Suisse Romande.

Osmo Vänskä lærði hljómsveitarstjórn í Sibeliusar-akademíunni í Helsinki og hlaut 1. verðlaun í hljómsveitarstjórakeppninni í Besançon í Frakklandi árið 1982. Hann hefur verið aðalstjórnandi Lahti-sinfóníuhljómsveitarinnar, skosku BBC-hljómsveitarinnar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Osmo er klarínnettuleikari og starfaði áður sem sólóklarínettu-leikari fílharmoníuhljómsveitanna í Helsinki og Turku. Undanfarin ár hefur hann sinnt hljóðfæri sínu í auknum mæli og lætur nú að sér kveða sem kammermúsíkant. Nýleg dæmi er hljóðritun hans á kammerverkum Kalevis Aho og væntanlegur flutningur á klarínnettukvintetti Johannesar Brahms og frumflutningur á samskonar verki eftir bandaríska tónskáldið Randall Bauer í St. Paul, Minnesota síðar í þessum mánuði.

## Jean Sibelius

Sinfónía nr. 3



Johan Christian Julius Sibelius (1865–1957) fæddist í Hämeenlinna í Finnlandi. Tvítugur hóf hann framhaldsnám í tónsmíðum í Helsinki og tók sér um það leyti nafnið Jean. Að loknu námi árið 1889 fékk hann styrki til frekara náms, fyrst í Berlín og síðar í Vínarborg þar sem hann dvaldi veturinn 1890–91. Þar upplifði hann m.a. frumflutning á þriðju og síðustu gerð Antons Bruckner á 3. sífóníunni. Vínardvöl Sibeliusar markaði þáttaskil á tónskáldaferli hans en þar skrifaði hann sitt fyrsta stóra hljómsveitarverk, sífóníska tónaljóðið op. 7 um Kalevala-sögupersónuna Kullervo. Næstu fimmtán árin samdi hann mörg af þekktustu hljómsveitarverkum sínum, m.a. *Karelia*-forleikinn og samnefnda svítu, tónaljóðin *En Saga*, *Lemminkäinen*, *Finlandia*, *Dóttir Pohjolas* og leikhústónlistina við *Pelléas og Mélisande* ásamt samnefndri svítu. Fyrstu tvær sífóníurnar og fiðlukonsertinn skrifaði hann á árunum frá 1899 til 1905.

### Tónlistin á Íslandi

Þriðja sífónía Sibeliusar heyrðist fyrst á tónleikum Sífóníuhljómsveitar Íslands í nóvember 1996. Má segja að Petri Sakari hafi þarna verið að undirbúa hljómsveitina undir hljóðritun verksins fyrir Naxos-útgáfuna sem fram fór vorið eftir. Sífónían var aftur flutt á áskriftartónleikum í aðdraganda fyrirhugaðrar Japansferðar hljómsveitarinnar með Petri Sakari haustið 2008. Eins og kunnugt er varð ekki af ferðinni en hljómsveitin og Petri fóru þess í stað í hringferð um landið þar sem fiðlukonsert Sibeliusar var helsta einleiksverkið.

 @Sibelius150

Árin uppúr aldamótunum 1900 voru mikill umrótatími í vest-rænni tónsköpun. Ópera Richards Strauss *Salome* og hljómsveitarverk hans *Sinfonia Domestica*, verk Ravels *Alborada del gracioso* og *Inngangur og Allegro*, *Kindertotenlieder* Mahlers og 6. sífónía hans, *Pelleas og Mélisande* eftir Schönberg og *La Mer* eftir Debussy eru dæmi um verk sem boðuðu nýja tíma. Sibelius hreifst meðvitað eða ómeðvitað með þessum straumi og tók með þriðju sífóníunni nýja stefnu sem kom unnendum tónlistar hans í opna skjöldu. Hann var á þessum tíma búinn að skapa sér nafn víða um Evrópu, ekki síst með annarri sífóníu sinni ásamt tónaljóðinu um dóttur Pohjolas og endanlegri gerð fiðlukonsertsins sem var frumflutt í Berlín árið 1905 undir stjórn sjálfs Richards Strauss.

Það er athygli vert, að um það leyti sem hinn 39 ára gamli Sibelius hóf að semja þriðju sífóníuna, skrifaði hann eftirfarandi hugleiðingu um tónlist sína sem að ýmsu leyti kallast á við orð skáldbróður hans Richards Strauss nokkrum árum áður:

„Síðan á tímum Beethovens hafa allar sínfóníur, að sínfóníum Brahms undanskildum, verið sínfónísk tónaljóð. Í sumum tilfellum hafa tónskáldin gefið upp söguþráð eða að minnsta kosti sagt hvað þeir höfðu í huga; í öðrum tilfellum er augljóst að þeim var í mun að lýsa eða segja frá einhverju, hvort sem um var að ræða landslag eða röð af myndum. Þetta samræmist ekki minni músíkölsku hugsun. Mínar sínfóníur eru tónlist - úthugaðar og unnar sem tónlistarleg tjáning án allra skírskotana til bóka. Ég er ekki bókmenntatónskáld, fyrir mér byrjar tónlistin þar sem orðunum sleppir. Sínfónía á fyrst og fremst að vera tónlist.“

Bréf sem Sibelius dagsetur 21. september 1904 endar á þessa leið: „Er byrjaður á þriðju sínfóníunni“. Sibelius hafði lofað að skila verkinu í tæka tíð fyrir frumflutning hjá Royal Philharmonic Society í London í mars 1907 en tókst ekki sú ætlan. Stjórnaði hann sjálfur flutningi Fílharmóníusveitarinnar í Helsinki á sínfóníunni þá um haustið og hljómaði hún skömmu síðar í St. Pétursborg, Birmingham og London.

Eins og fyrr sagði kom hið nýja, framandi tónmál áheyrendum á óvart enda áttu þeir von á hljómmikilli og safarikri rómantík í anda fyrri þekktra verka tónskáldsins. Sínfónían lenti síðan utangarðs og fór ekki að njóta sannmælis fyrr en á síðari hluta 20. aldar. Sem dæmi var hún eina sínfónía Sibelíusar sem Herbert von Karajan vildi aldrei stjórna og annar frægur hljómsveitarstjóri, Eugene Ormandy, sagðist ekki skilja.

Í dag er erfitt að gera sér í hugarlund hvað hljómaði svo framandi í eyrum þessara stóru listamanna sem lifðu og hrærðust í öllum frum- og fjölbreytileika tónlistar 20. aldarinnar.

Þriðja sínfónía Sibelíusar boðaði vissulega nýja tíma í tónsköpun hans, stíllinn varð knappari og meðhöndlun efniviðarins frjálssari, en flæði tónlistarinnar, hljóðfæranotkun, heildarsvipur og einstök höfundareinkenni eru sem fyrr óviðjafnanleg.

## Anton Bruckner

Sinfónía nr. 3



Anton Bruckner (1824–1896) fæddist í bænum Ansfelden sem liggur rétt sunnan við Linz, höfuðstað sambandslandsins Efra-Austurríkis. Á barnsaldri lærði hann á fiðlu og píanó en þó einkum orgel sem hann frá tíu ára aldri lék á sem aðstoðarorganisti í þorpskirkjunni. Eftir lát föðurins gerðist hinn 13 ára gamli Bruckner kórdrengur í Ágústínarklaustrinu St. Florian þar sem hann fékk tilsögn í tónlist. Samkvæmt fjölskylduhefð miðaðist almennt nám hans við framtíðarstarf sem skólakennari. Á árunum 1845–1855 bjó hann í klaustrinu, sinnti kennaranáminu en fullkomnaði á sama tíma færni sína í orgelleik og gerðist organisti klausturkirkjunnar. Á þessum árum samdi hann fjölda mótetta og fyrstu meiriháttar verk sín, Requiem og Missa Solemnis. Árið 1854 lá leið Bruckners í fyrsta sinn til Vínarborgar í því skyni að gangast undir próf í orgelleik hjá hirðhljómsveitarstjóranum Ignaz Assmayer, sem hann stóðst með þrýði. Árið eftir hóf hann nám í tölusetnum bassa og kontrapunkti hjá Simoni Sechter sem áður hafði veitt Franz Schubert tilsögn. Árið 1855 vann Bruckner keppni um stöðu dómorganista í Linz og gegndi hann henni næstu þrjú árin meðfram náminu hjá Sechter sem að mestu leyti fór fram í bréfaformi. Lauk Bruckner prófi með láði árið 1861 þar sem einn dómnefndarmannanna, Johann von Herbeck, mælti hin fleygu orð: „Hann hefði frekar átt að prófa okkur“.

### Tónlistin á Íslandi

*Sinfónía Bruckners nr. 3 hefur fjórum sinnum áður heyrst í meðförum Sinfóníuhljómsveitarinnar. Róbert Abraham Ottósson stjórnaði henni í ársbyrjun 1966 og Alfred Walter í apríl 1969. Síðan liðu 25 ár þangað til Osmo Vänskä túlkaði hana fyrir tónleikagesti í Háskólabíói á þrettándanum 1994. Sinfónían heyrðist síðast á tónleikum hljómsveitarinnar árið 2008. Stjórnandi var Arvo Volmer.*

Bruckner lauk við aðra sinfóníu sína haustið 1872 og hóf strax að semja þá næstu. Þetta voru frjósöm ár í tónsköpun hans og á tímabilinu frá október 1871 fram í maí 1876 skrifaði hann aðra, þriðju, fjórðu og fimmtu sinfóníu sína, að því er virðist, án hlés. Smíði þriðju sinfóníunnar gekk einkar vel og voru fyrstu þrjár kaflarnir tilbúnir í júlí 1873 og uppkast af þeim fjórða í lok ágúst. Um haustið fór Bruckner á fund Richards Wagner í Bayreuth í því skyni að tileinka honum aðra af tveimur nýjustu sinfóníum sínum. Eftir að hafa skoðað raddskrárnar féllst Wagner á að þiggja tileinkunina og valdi þriðju sinfóníuna. Eftir heimkomuna til Vínar lagði Bruckner lokahönd á verkið og á gamlársdag var sinfónían fullgerð.

Þriðja sinfónía Bruckners, *Wagnersinfónían*, er til í þremur mismunandi útgáfum. Upphaflega gerðin var hvorki gefin út né flutt um daga tónskáldsins en er varðveitt á bókasafni í Bayreuth. Hún heyrðist fyrst á tónleikum árið 1946.

Bruckner gerði miklar breytingar á sinfóníunni á árunum 1876–77 og var hún frumflutt undir hans eigin stjórn í Musikverein 16. desember 1877. Þessi flutningur varð hin mesta hneysa og versta niðurlæging á ferli Bruckners. Hvoru tveggja var, að kunnátta hans í hljómsveitarstjórn var af skornum skammti og framkoman klaufaleg, sem olli því að hljóðfæraleikararnir voru eins og höfuðlaus her sem enga virðingu bar fyrir verkefninu. Meðal fárra áheyrenda sem tóku verkinu þó af hrifningu voru hinir ungu og upprennandi tónlistarmenn Hugo Wolf og Gustav Mahler.

Ellefu árum síðar réðst Bruckner loks til þriðju og síðustu atlögu við breytingar á sinfóníunni og var hin nýja gerð gefin út í nóvember 1890 og frumflutt af Hans Richter og Fílharmoníuhljómsveitinni í Vín þann 20. desember sama ár. Í þetta sinn voru viðtökurnar stórkostlegar og var Bruckner tólf sinnum kallaður uppá svið.

Bruckner varð eftirmaður kennara síns Sechters við konservatóríið í Vín árið 1868 og starfaði í borginni uppfrá því. Hann hélt þó ætíð tryggð við klaustur heilags Florian þar sem hann átti margar sælustundir við orgelið sem síðar var nefnt Brucknerorgel. Beint fyrir neðan orgelið, í grafhýsi undir anddyri kirkjunnar, hvíla bein Antons Bruckner. Á sökkli steinkistunnar stendur síðasta textalínan úr *Te Deum* - „Í eilífðinni verð ég ekki til skammar“.

*Sigurður Ingvi Snorrason*



## Á döfinni

### Beethoven og Stravinskij

**Fim. 19. feb. » 19:30**

Pekka Kuusisto varð fyrstur Finna til að hljóta fyrstu verðlaun í Sibeliusar-fiðlukeppninni árið 1995 og síðan hefur ferill hans verið samfelld sigurganga. Santtu-Matias Rouvali er aðeins 28 ára gamall en stjarna hans hefur risið með ógnarhraða síðustu ár og hefur hann hlotið feykigóðar viðtökur fyrir líflega túlkun sína. Hann tók nýverið við stöðu aðalstjórnanda Fílharmóníunnar í Tampere og sem aðalgestastjórnandi Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Kaupmannahöfn.

**Ludwig van Beethoven Leónóra** *Forleikur nr. 2*

**Ígor Stravinskij** *Fíðlukonsert*

**Ludwig van Beethoven**

*Sinfónía nr. 2*

**Santtu-Matias Rouvali** hljómsveitarstjóri

**Pekka Kuusisto** einleikari

### Hardenberger og Tortelier

**Fim. 5. mars » 19:30**

Að læknisráði hefur Tine Thing Helseth þurft að aflýsa komu sinni til Íslands, en hún átti að leika einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands 5. mars nk. Í stað hennar kemur sænski trompetleikarinn Håkan Hardenberger, sem er einn mesti trompetsnillingur samtímans. Hann hefur komið fram með nær öllum helstu hljómsveitum heims, meðal annars Fílharmóníuhljómsveitunum í Vínarborg, Berlín og New York. Hardenberger mun leika konsert franska tónskáldsins Henri Tomasi og stendur því áformuð efnisskrá óbreytt.

**Edward Elgar**

**Henri Tomasi**

**Pjotr Tsjajkovskij**

*Á suðurslóðum, forleikur*

*Trompetkonsert*

*Sinfónía nr. 1*

**Yan Pascal Tortelier** hljómsveitarstjóri

**Håkan Hardenberger** einleikari

# Hljómsveit á tónleikum

5. febrúar 2015

## 1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Nicola Lolli  
Sif Margrét Tulinius  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Pálína Árnadóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Júliana Elín Kjartansdóttir  
Lin Wei  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Mark Reedman  
Laufey Sigurðardóttir  
Ísak Rikharðsson

## 2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Ingrid Karlsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Christian Diethard  
Roland Hartwell  
Dóra Björgvinsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Laufey Jensdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Þórdís Stross

## VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Kathryn Harrison  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Stefanía Ólafsdóttir  
Sarah Buckley  
Þórarinn Már Baldursson

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Júlía Mogensen  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Lovísa Fjeldsted  
Margrét Árnadóttir  
Inga Rós Ingólfssdóttir

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir

## ÓBÓ

Daði Kolbeinsson  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Michael Kaulartz  
Brjánn Ingason

## HORN

Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Þorkell Jólsson  
Lilja Valdimarsdóttir  
Ella Vala Ármannsdóttir

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Ásgeir Steingrímsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## BÁSÚNA

Oddur Björnsson  
Sigurður Þorbergsson  
David Bobroff, bassabásúna

## PÁKUR

Frank Aarnink

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri  
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi  
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi  
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri  
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri  
Margrét Ása Jóhannsdóttir nótna- og skjalavörður  
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri  
Greipur Gíslason verkefnastjóri  
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri  
Valgerður Árnadóttir umsjónarmaður



## Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Systurnar Pálína Árnadóttir og Margrét Árnadóttir mynda stundum hálfan strengjakvartett.



**Pálína:** Hljóðfæraleikarar vinna í nokkuð sérhæfðum heimi. **Margrét:** Já, við notum jafnvel okkar eigin hugtök til að lýsa spilastíl og tækni. Til dæmis þykir oft gott að strengjaleikarar spili nótur með því að „húkka“. Það hljómar líka furðulega þegar óvant fólk heyrir okkur tala um að spila við „froskinn“ eða „oddinn.“

Þó að tengslin milli meðlima Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti verið með ýmsum hætti þá eru systkin innan sveitarinnar frekar óalgeng í sögu hennar. En það dylst engum að þær eru systur þær Pálína og Margrét Árnadóttir, þó svo að litatónninn í bylgjuðu hárinu sé ekki alveg sá sami.

Báðar lögðu þær tónlistina fyrir sig á sínum tíma og völdu strengjahljóðfæri til að leika á. Pálína valdi fiðlu en Margrét selló og þær geta því fyllilega myndað betri helminginn af strengjakvartett ef svo ber undir. Þær systur eru samstíga um flest allt og lærðu t.d. báðar hljóðfærslátt sinn

við hinn virta Julliard tónlistarháskóla í New York sem þykir einn sá allra virtasti í heimi. Tónlist er þeim systurum í blóð borin og þess má til gamans geta að faðir þeirra, Árni Arinbjarnarson, er mikill tónlistarmaður sem leikið hefur bæði á orgel og með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fiðlu til fjödamargra ára.

*GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.*

**GAMMA**

[www.gamma.is](http://www.gamma.is)



# Rómeó og Júlía

Rico Saccani snýr aftur

Mið. 13. maí » 19:30

Tryggið ykkur miða

**Pjotr Tsjajkovskij**

*Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur*

**Leonard Bernstein**

*Úr West Side Story*

**George Gershwin**

*Úr Porgy og Bess*

**Rico Saccani** hljómsveitarstjóri

Ástir, átök og örlög á vorkvöldi í Eldborg. Eitt frægasta tónverk Tsjajkovskíjs er byggt á Rómeó og Júlíu Shakespeares. Það á líka við um söngleikinn West Side Story eftir Bernstein en þar eru átökin færð til New York. Smellirnir Summertime og It Ain't Necessarily

So úr Porgy og Bess eftir Gershwin öðlast nýtt líf í litríkri útgáfu.

Rico Saccani var aðalstjórnandi SÍ á árunum 1998–2002 og snýr nú aftur til að stjórna Sinfóníuhljómsveitinni, í fyrsta sinn um langt skeið.